



TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um skoðun á breytingu strætóleiða

Íbúaráð Háaleitis og Bústaðahverfis beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á breytingum á leiðarkerfi Strætó innan hverfisins á þann veg að frá austasta hluta Bústaðavegar og að Mjódd muni vagnar Strætó bs. aka um Stjörnugróf og Stekkjarbakka í stað Reykjanesbrautar.

Greinargerð:

Samkvæmt framtíðarleiðarkerfi Strætó sem fylgja á innleiðingu leiðarkerfis Borgarlínunnar er gert ráð fyrir að á milli Bústaðavegar og Mjóddar muni leiðir um hverfið aka um Stjörnugróf. Íbúaráðið leggur til að skoðað verði að sú breyting verði innleidd nú þegar. Með þeirri breytingu væri m.a. hægt að tengja leiðarkerfi Strætó mun betur við íþróttasvæði Víkings í Víkinni og minnka umferðaralag á Reykjanesbraut. Frumforsenda fyrir slíkri breytingu væri þó að gegnumakstur um Stjörnugróf milli Bústaðavegar og Fossvogsbrúnar í Kópavogi væri bara fyrir almenningsvagna og mögulega neyðarakstur.

